

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn mánudaginn 9. maí 2012 að Krossmóa 4a

Dagskrá:

1. Formaður, Ragnar Örn Pétursson setti fund kl. 20.00 og bauð félagsmenn velkomna.
2. Stungið var upp á Hafsteini Ingibergssyni sem fundarstjóra og Valdísi Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara.
Samþykkt samhljóða.
3. Skýrsla stjórnar. Ragnar stiklaði á stóru varðandi þau verkefni sem stjórn S.T.F.S. hefur tekist á við s.l. starfsár. Kjaramálin tóku mikin tíma fyrri part árs og skrifað var undir síðustu samningana í júní. En félagið er með 4 kjarasamninga. Orlofsmál eru stór þáttur í heildarrekstinum.
4. Einnig upplýsti Ragnar Örn um nýjan sjóð sem stofnaður var við síðusutu Launanefndar Samninga. Mannauðssjóð, sem 3 stéttarfélög eiga aðild að, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Garðabæjar og Starfsmannafélag Suðurnesja.
5. Skýrsla gjaldkera. Ásdís Óskarsdóttir gjaldkeri S.T.F.S. lagði fram endurskoðaða reikninga og kynnti helstu tölur samstæðureiknings. Reikningar samþykktir samhljóða.
6. Lagabreytingar (þær voru engar)
7. Valdísi Sigurbjörnsdóttur var færður blómvöndur, og þakkað fyrir hennar framlag til stjórnar, en hún gaf ekki kost á sér í stjórn, hafði setið í stjórn frá 1999.
8. **Kosning stjórnar.**
Tillaga uppstillingarnefndar er eftirfarandi:
Aðalmenn til tveggja ára.
Ásdís Óskarsdóttir og Stefán Ólafsson
Varamenn til eins árs.
Hermann Ólason og Margrét Böðvarsdóttir
9. **Kosning skoðunarmanna reikninga.**
Aðalmenn:
Elenora Katrín Árnadóttir og Jósefína Arnbjörnsdóttir
Til vara:
Guðmundur Jóelsson
10. Kosning nefnda:
Orlofsnefnd: Hermann Ólason formaður, Eiríkur Bjarki Eysteinnsson, Ágústa Guðmundsdóttir, Elísabet Sævarsdóttir og Þorgerður Guðmundsdóttir.

Starfsmenntunarsjóður: Ásdís Óskarsdóttir formaður, Sigurbjörg Gísladóttir.

Uppstillinganefnd: Þorgerður Guðmundsdóttir, Hrefna Gunnarsdóttir og Hafsteinn Ingibergsson.

11. Ákvörðun félagsgjalda. Félgsgjöld verða óbreytt en þau eru 1% af heildarlaunum.

12. Önnur mál.

Umræður fóru í gang um réttindi hjá fólki er færðist á milli félaga, þar sem spurt var hvort viðkomandi færði réttindi sín á milli. En upplýst var að svo væri ekki.

Svo spunnust miklar umræður um fatakaflan okkar fræga og var farið mjög ítarlega yfir þau mál, og hvað það væri mismundandi á milli stofnanna hvernig hann væri túlkaður.

Einnig var spurt um orlofsuppbót og desemberuppbót ef um launadreifingu var að ræða, skrifstofan er að vinna í þeim málum í samráði við lögfræðing BSRB.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22

Valdís S. Sigurbjörnsdóttir ritaði fundargerð.